

Ný hugsun í átt að betri framtíð – Námsmat í nýjum búningi

Skólaskrifstofa Grindavíkur

Verkefnastjóri Ingibjörg María Guðmundsdóttir

No. 81.2012-2013 & UMS-056 2013-2014

Inngangur

Hugmyndin að verkefninu kom frá skólamanneskju í Grindavík. Hugmyndin var samþykkt í fræðslunefnd sem fól skólaskrifstofu að vinna henni brautargengi. Í kjölfarið var umsókn send í Sprotasjóð 2012 og svo framhaldsumsókn 2013. Að auki fékkst styrkur frá Grindavíkurbæ og Skólum ehf. Stjórn verkefnisins var í höndum stýrihóps og verkefnastjóra. Stýrihópur var myndaður af stjórnendum allra skólanna 5 í Grindavík auk skólaskrifstofu. Skólar í verkefninu voru Fisktækniskóli Íslands, Tónlistarskóli Grindavíkur, Grunnskóli Grindavíkur, leikskólinn Laut og heilsuleikskólinn Krókur. Verkefnastjóri var frá skólaskrifstofu.

Í heildina má segja að verkefnið hafi tekist vel, þó svo að upprunaleg markmið og verkefni hafi breyst í samræmi við styrkúthlutun. Styrkirir nýttust vel og hefur mikil vitundarvakning átt sér stað með samræðunni milli skóla sem hefur haft áhrif á skólastarf í Grindavík.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Hér er markmiðum verkefnisins skipt niður á árin sem verkefnið stóð.

2012-2013

Tilgangur verkefnisins er að efla samstarf og samráð milli skóla í Grindavík og skapa sameiginlegan grundvöll í samræðu og hugmyndafræði varðandi menntun innan sveitarfélagsins þannig að það verði til sameiginleg sýn á nám og líðan barna þó svo að sérstaða hvers skóla sé virt. Í verkefninu áttu allir skólar sveitarfélagsins að vinna saman að innleiðingu að nýrri menntastefnu á sameiginlegum starfsdögum og vinnufundum. Ólíkir skólar og mismunandi skólastig vinna saman að grunnstefnumótun og útfærslu á starfi skólanna. Til þess að hefja vinnuna var markmið að standa fyrir almennri kynningu á grunnþáttunum í upphafi skólaársins fyrir kennara og svo sértækari kynningum á starfsdögum. Þá verður unnið með lykilhugtök og úrvinnsla eftir hvern dag sem mótar ákveðinn grunn fyrir frekari vinnu skólanna. Síðar yrðu grunnþættir og lykilhugtök mátuð inn í skólastarf hvers skóla og hugmyndir um útfærslu settar niður.

Hluti af verkefninu er að endurskoða skólastefnu Grindavíkur og að skólar aðlagi skólanámskrár í samræmi við nýjar áherslur. Í þeirri vinnu verður þátttaka íbúa sveitarfélagsins virkjuð með málþingi/borgarafundi.

2013-2014

Þá er markmiðið að vinna áfram að innleiðingu námskrár í alla skóla Grindavíkur. Allir kennarar, starfsmenn og íbúar hafa ákveðinn grunn sem hægt er að byggja útfærslu skólanna á. Frekari vinna er nauðsynleg til að innleiðingin beri árangur og skili sér í hagnýtan afrakstur í skólunum. Vinnan verði sýnilegt í námskrá skólanna sem geri öllum nemendum kleift að ná árangri, að þeir fái stuðning og hvatningu í náminu í samræmi við þarfir. Þannig verði jafnrétti nemenda enn frekar tryggt.

Á síðara ári er stefnt að því að innleiða nýtt námsmat í skóla innan Grindavíkur samhliða því að frekari innleiðing á nýjum aðalnámskrám er í gangi. Áhersla er á samþættingu markmiða, námsmats og kennslu í nýrri skólastefnu Grindavíkur og á að sjást í skólanámskrám skólanna. Þannig verði námsmat í nýjum búningi lýsandi fyrir þær áherslur sem íbúar sveitarfélagsins settu fram á málþingi um skólamál í janúar 2013.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

2012-2013

Verkefnastjórn var skipuð þannig að hver skóli og skólaskrifstofa átti sinn fulltrúa. Að auki var verkefnastjóri. Þannig voru 7 stjórnendur í verkefnastjórn sem hélt átta fundi þar sem settar voru áherslur starfsdaga, skipulag málþings og miðlað upplýsingum um vinnu innan skólanna. Fyrri ár verkefnisins fór í að koma á ákveðnum grunni í skólasamfélaginu, kynnast nýjungum, nota samræðuna til að efla fagvitund og upplýsingaflæði milli skóla og stiga og að kynnast ólíkum skólagerðum.

Í ágúst voru kennarar hvattir til að mæta á ráðstefnu Skólaþróunar um nýja námskrá. Í sama mánuði var málþing á vegum Menntamálaráðuneytis á fjarfundi í Grindavík og hópavinna með þátttakendum þar. Unnið var úr hópastarfi og afraksturinn sendur til allra stjórnenda skóla í Grindavík til að nota við frekari vinnu um grunnþættina.

Í ágúst hófst innleiðing bekkjarfunda í grunnskóla Grindavíkur til að efla lýðræðisleg vinnubrögð. Byrjað var á námskeiði með umsjónarkennurum og eftirfylgd og handleiðsla fylgdi yfir skólaárið. Þar kom Ingileif Ástvaldsdóttir inn sem sérfræðingur.

Sameiginlegir starfsdagar með öllum skólum Grindavíkur voru allt

skólaárið og þá var unnið með einn til tvo grunnþátt í hvert sinn. Sérfræðingar í hverjum grunnþætti voru fengnir á svæðið og þar aðstoðaði Edda Kjartansdóttir hópinn við að finna sérfræðinga. Starfsdagar voru eftirfarandi:

- Í september var Ingólfur Ásgeir Jóhannsson sérfræðingur dagsins. Hann fjallaði fyrst almennt um grunnþætti menntunar og fór síðan dýpra í grunnþættina sjálfbærni og jafnrétti með öllum skólum. Síðasti fjórðungur dagsins var tileinkaður hugtökunum markmið og hæfni í aðalnámskránni. Þá skiptist hópinn í leikskólahóp og grunnskóla/tónlistarhóp. Ingólfur hélt áfram með annan hópinn og Kristín Dýrfjörð vann með leikskólahópnum.
- Í janúar kom Stefán Jökulsson og fjallaði um læsi í víðum skilningi og var með í hópavinnu á eftir.
- Í febrúar fengum við Brynhildi Sigurðardóttur og Ingibjörgu Jóhannsdóttur í vinnu með grunnþættina lýðræði og mannréttindi annars vegar og sköpun hins vegar.
- Í mars var unnið með heilbrigði og velferð með aðstoð Önnu Sigríðar Ólafsdóttur.

Málþing um skólamál í Grindavík var haldið í janúar. Sigurjón Mýrdal hélt erindi um nýja aðalnámskrá. Að því loknu var hópavinna íbúa þar sem hver og einn valdi sig inn í hópa um grunnþætti. Grundvöllur umræðna var spurningin „hvernig viljum við að skólinn (skólasamfélagið) vinni með þennan tiltekna grunnþátt?“ Hópstjórar héldu utan um umræður og tóku saman í lokin. Afrakstri hópanna var skilað inn til verkefnastjóra sem vann úr þeim og birti á heimasíðu Grindavíkur, sendi til allra stjórnenda og starfsfélags um endurskoðun á skólastefnu. Starfshópurinn var skipaður fulltrúa allra skóla, foreldri leikskóla- og grunnskólabarna og fulltrúa fræðslunefndar. Hópurinn hélt 10 vinnufundi vorið 2013. Að því loknu voru drög að skólastefnu sent hagsmunaaðilum til umsagnar og birt á heimasíðu fyrir almenning að gera athugasemdir við. Að lokinni endurskoðun í ljósi umsagna var stefnan send fræðslunefnd til staðfestingar.

2013-2014

Seinna árið fór vinnan fram innan hvers skóla þar sem áherslur og sérkenni voru útfærð og unnið með á mismunandi vegu í hverjum skóla. Þá voru tengsl við samfélagið og foreldra á hendi skólanna. Samt sem áður fundaði verkefnastjórn fimm sinnum á skólaárinu. Það var farið yfir verkefnið, stöðu þess innan hvers

skóla og stjórnendur miðluðu hugmyndum sín á milli. Í hverjum skóla voru settir verkefnastjórar fyrir vinnuna og/eða teymi sem stjórnðu vinnu innan skólans. Það var mikil vinna við samræmingu og útfærslur. Skólar tileinkuðu fundartíma vinnu í námskrá, lengdu fundi til að vinna í afmörkuðum þáttum nýrrar námskrár og/eða höfðu sérstaka aukafundi fyrir námskrárvinnu með öllum starfsmönnum eða afmörkuðum hópum innan skólanna.

Heilsuleikskólinn Krókur hafði hópavinnu með foreldrum á foreldrafundi um áherslur í námskrá og notaði afrakstur þess í námskrárvinnu skólans. Þar var líka lögð fyrir spurningakönnun meðal foreldra og kennara um áherslur í námi og kennslu barna.

Leikskólinn Laut lagði fyrir spurningakönnun meðal barna í leikskólanum um valda þætti sem tekið var mið af í námskrárvinnu skólans.

Grunnskólinn hafði sjö teymi með öllum starfsmönnum skólans sem starfaði á haustdögum og fjallaði um almennan hluta námskrár. Verkefnastjóri innan skólans tók saman, samræmdi og kynnti helstu atriði innan skólans. Seinni hluta vetrar var kennarahópnum skipt í teymi eftir námsgreinum sem unnu saman í fjögur skipti. Þá var sama hóp skipt upp á nýtt og þá eftir aldursstigum. Áherslur hvers stigs voru skoðaðar ásamt námsmati.

Tónlistarskóli sendi alla kennara á þing um nýja námskrá og tengsl við tónlistarskóla og svo um námsmat. Í skólanum var unnið í stjórnendateymi til að samræma hugmyndir kennara sem hver og einn hafði sett niður fyrir sína grein og hljóðfæri. Teymið kallaði inn sérfræðing í hverju hljóðfæri fyrir sig eftir þörfum.

Eftir áramót gaf Grindavíkurbær skólafélagið út í handhægum bæklingi sem er dreift til skóla og á heimili í Grindavík.

Frávík miðað við áætlun verkefnisins

Áhersla á námsmat hefur ekki verið eins og lagt var upp með. Kennarar nutu almennt ekki handleiðslu sérfræðinga í þeirri vinnu. Í staðinn var unnið meira innan hvers skóla í að samræma markmið, skoða áherslur við námsmat og taka mið af skólastigum og væntingum barna, foreldra og kennara.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Tímaskortur háði vinnu. Erfiðleikar voru vegna ákvæða kjarasamninga sem hindruðu samstarfsvettvang innan skólanna og að hin mikilvæga samræða eigi sér stað innan hvers skóla sem og á milli einstakra skóla. Erfiðlega reyndist að fá skóla til að ræða saman, kynna vinnu sína fyrir hverjum öðrum, áherslur og annað á seinna árinu.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Allir starfsmenn skóla innan Grindavíkur hafa átt samræður um áherslur grunnþátta í skólastarfi. Skólar hafa haldið áfram að vinna með grunnþætti menntunar sem lagt var upp með á starfsdögum skólaárið 2012-2013 og hafa upplýsingar um skoðanir og vilja íbúa Grindavíkur eins og það birtist á málþingi um skólamál. Fyrir liggur skólustefna til næstu ára sem námskrá skólanna byggir á. Námskrá skólanna verður birt fyrir næsta skólaár og kennsluáætlanir byggja á nýrri námskrá.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Innleiðing á nýrri aðalnámskrá í öllum skólum Grindavíkur hefur áhrif á skólahald í heild þar sem ákveðinn grunnur er mótaður sem námskrá hvers skóla byggir á. Afrakstur verkefnisins verður sýnilegur í námskrám skólanna og kynntur íbúum á þann hátt. Samræða þvert á skóla og stig í gegnum verkefnið hefur oft gefið faglegri umræðu og aukinn skilning á ákvæðum aðalnámskrá.

Niðurstöður verkefnisins

Það náðist að setja fram og gefa út nýja skólustefnu sveitarfélagsins sem nú er unnið eftir. Íbúar komu sínum sjónarmiðum á framfæri í gegnum íbúaðing um skólamál og skólar geta tekið mið af skoðunum sem þar komu fram í námskrárvinnu sinni. Í allri vinnunni á fyrra árinu náðist að vinna þvert á skóla og stig á sameiginlegum starfsdögum skólanna. Á seinna árinu náðist að koma námskrárvinnu í gang í öllum skólum, þó ekki næðist að halda samstarfi skólanna gangandi. Vinnan fór fram innan hvers skóla og ekki tókst að kynna þá vinnu þvert á skóla. Að lokum náðist ekki nema að hluta að koma inn námsmati

í nýjum búningi inn í verkefnið. Ástæðan var að grunnvinna í námskránum tók meiri tíma en búist var við.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

- Skólastefnan er nú þegar aðgengileg á heimsíðu Grindavíkurbæjar og er dreift til starfsmanna og nýrra nemenda.
- Skólanámskrá, námsmatsaðferðir og sérkenni skóla verða sýnileg á heimasíðum skólanna og Grindavíkurbæjar.
- Kynning var á verkefninu á ráðstefnunni *Lærdómssamfélagið samræða allra skólastiga* á Akureyri í september 2013.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Samvinna og samstarf ólíkra hópa innan skólasamfélagsins getur bætt við faglegt starf skólanna. Upplýsingar sem aðilar fá í samræðunni opna oft sýn og skilning á því sem gert er annars staðar í öðrum skólum. Það eykur heildarsýn á skólamál þar sem skólastigin við hliðina skipta líka máli og tengingar skapast. Sprotasjóður sinnir þarna mikilvægu hlutverki í skólasamfélaginu í heild.